

Enrico Mattei. Systurnar sjö, kalda stríðið og Bíblíubrjálæðið

Ítalinn, Erico Mattei (1906-1962), skipulagði andspyrnuna á Norður-Ítalíu gegn Benito Mussolini (1883-1945) í annarri heimstyrjöldinni. Þegar henni lauk stofnaði hann lítið efnatæknifyrirtæki í Mílanó. Síðar fékk Enrico það verkefni að ganga af olíuríkisfyrirtæki Ítala dauðu. En hann vildi ekki taka þátt í niðurlægingu þjóðar sinnar og efldi fyrirtækið í staðinn.

Enrico bakaði sér með þessu uppátæki óvinsældir glæpasamtaka á Ítalíu og olíudrottanna á Vesturlöndum. Hann gaf þeim nafnið, „systurnar sjö.“ Það voru bresk, hollensk og bandarísk fyrirtæki, sem saman höfðu náð tangarhaldi á nær allri olíuframleiðslu heims. Fyrirtækin nutu stuðnings yfirvalda í heimi, þar sem nú ríkti köld styrjöld en ekki heit.

Eins og allir vita sátu Rússar (Ráðstjórnarríkin) og Kína og aðrir ljótir menn, um saklaus Vesturveldi, m.a. aumingjans Íslendinga. Þar hrukku börn upp við martraðir um Rússagrýluna og kjarnorkustyrjöldina, sem ljótu karlarnir vildu heyja. Þó höfðu Bandaríkjamenn einir beitt slíku vopni.

Skömmu eftir að bókstaflegu hernámi lauk og Íslenskir stríðsfangar höfðu verið leystir úr haldi og dæmdir fyrir landráð, þótti Íslendingum ráð að leita aftur til kvaldara sinna eins og hrossin gera. Þeir fólu öryggi sitt og sál í hendur þeim í Varnarbandalagi vestrænna ríkja, Nató (North Atlantic Alliance Organization), sem stofnað var af Bandaríkjunum í því skyni að verja frelsi, lýðræði og mannréttindi á Vesturlöndum. Nú nær þetta hernaðarbandalag um hálfan hnöttinn.

Það voru þó þjóðarleiðtogar, sem höfðu aðrar hugmyndir um veröldina og valdatafl en forystumenn alþjóðaaauðvaldsins í City og London, Amsterdam og Wall Street, og stjórnmalabruður þeirra.

Einn þeirra var John F. Kennedy (1917-1963), forseti Bandaríkjanna. Hann var skotinn. Annar var Charles de Gaulle (1890-1970), sem vildi bæta fyrir og gera upp franska nýlendustefnu, frelsa Algeríu og tengjast bæði Ráðstjórnarríkjunum og Kína. Hvað hann gerði. Hann andæfði líka drottnum Breta og Bandaríkjamanna í Nató. Hann lifði af fjölda morðtilrauna.

Enrico andæfði líka alþjóðaaudvaldinu. Hann stofnaði til viðskiptatengsla í trássi við systurnar sjö. Enrico sá fyrir sér ríki „þriðja heimsins“ blómstra og auðgast af eigin náttúruauðæfum. Hann beindi sjónum líka austur á bóginn, til Miðausturlanda og Austur-Evrópu. Enrico bauð eigendum náttúruauðævanna fyrirkomulag við olíuvinnslu, sem færði þeim 75% hagnaðar. Það var ótækt.

Það vildi svo vel til, að flugvél hans fórst. Þrír menn létu þar lífið. Einn þeirra var flugmaðurinn, verðlaunaður stríðskappi. Það var bara svo vont veður, sögðu ítölsk yfirvöld í áratugi. En hið sanna hefur komið í ljós, sprenging var um borð.

Bretar og Bandaríkjamenn hafa lengi barist heiftúðlega fyrir hagsmunum sínum í Miðausturlöndum með öllum tiltækum ráðum, undirferli og stríði, t.d. í Íran. Undir aldamótin brugguðu þeir launráð með hreyfingu Síonista til að koma á fót Gyðingaríki í Palestínu. Það kallaði bandaríski hershöfðinginn, Alexander Haig (1924-2010), landfast flugmóðurskip.

„Stríðsfleyinu,“ Ísrael, hefur verið beitt í þágu landvinninga, bandalaga, yfirráða og efnahagsstríðs. T.d. var þessu vopni beitt gegn Egyptum 1967 í svokölluðu sex daga stríði, þegar Gamal Abdel Nasser (1918-1970) gerðist svo djarfur að þjóðnýta Súez skipaskurðinn. Aftur 1973 í Yom Kippur tálbeitustríðinu. Það var runnið undar rifjum Henry Kissinger (1923-2023) og alþjóðlega djúpríkisins til að hækka olíuverð.

Sagan endurtekur sig. Nú stendur stríð Ísraels og Palestínumanna yfir, trúlega í samvinnu við forystu Hamas, til að tryggja viðskiptahagsmuni Ísraels og Vesturveldanna, m.a. olíu og gas undan ströndum Gaza og flutningsleiðir heimshluta á milli, t.d. nýjan skipaskurð, sem liggja skal í gegnum Gaza.

Okkur er sagt, að hér sé sama guðlega forsjón að verki og þegar Ísrael var stofnað. Guð hafði lofað - eins og stendur í gamalli bók – útvalinni þjóð sinni landi í Palestínu. Þessa túlkun kristni og Gyðingdóms hafa helstu trúfræðingar þeirra sammælt um. En það er engu að kvíða. Upprisa frelsarans er innan seilingar, nú þegar þriðja heimstýrjöldin er í burðarliðnum.

Það gefur auga leið eins og Brjálaði Bensi og Bjarni Ben (utanríkismálaeinræðisherra) segja. Ísraelar mega verja sig. Og vitaskuld hafa Bandaríkjamenn og Bretar ekki verið leystir undan þeirri þungbæru kvöð að verja frelsi, lýðræði og mannréttindi í veröldinni – eins og þeir gerðu á Íslandi í annarri heimstýrjöldinni og nú í Ísrael.

Ég bið frumkristilegar bænir mínar og sofna því fullur trúnaðartrausts í kveld.

https://matthewehret.substack.com/p/frances-historic-bond-with-china?utm_source=post-email-title&publication_id=260045&post_id=141132289&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&utm_medium=email

<https://www.britannica.com/biography/Enrico-Mattei>

<https://fly.historicwings.com/2012/10/the-mystery-of-enrico-mattei/>

<https://www.encyclopedia.com/people/history/italian-history-biographies/enrico-mattei>

<https://chinarising.puntopress.com/2024/01/28/president-charles-de-gaulle-made-france-the-first-major-western-power-to-be-mutually-recognized-by-the-peoples-republic-of-china-27-january-1964-china-rising-radio-sinoland-240127/>

https://en.wikipedia.org/wiki/Big_Oil#As_the_Seven_Sisters

https://en.wikipedia.org/wiki/Enrico_Mattei

<https://archive.org/details/seven-sisters-oil>

<https://www.aljazeera.com/program/featured-documentaries/2013/4/26/the-secret-of-the-seven-sisters/>